

Árman Halldórsson,  
Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Grindavíkurbæjar  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. október 2014  
Tilvísun: UST20140900107/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi lokahúss og útloftunarbrunnis við Arfadalsvík, Grindavík

Vísað er til erindis Grindavíkur er barst 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir lokahús og útloftunarbrunn að Arfadalsvík í Grindavík. Skipulagssvæði lokahúss og útloftunarbrunnar er staðsett vestan Grindavíkurbæjar og er að stærstum hluta staðsett á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði í6 á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010 - 2030. Lokahús og fráveitubrunnur eru mikilvægir hlutar fráveitulagnar sem flytja mun affallsvökva frá niðurdælingaveitum Svartsengsvirkjunar til útrásar í Arfadalsvík.


### Lóð og byggingarreitur


Afmörkuð hefur verið 1.140 m<sup>2</sup> lóð undir lokahús og hreinsibrunn og önnur lóð 55 m<sup>2</sup> undir útloftunarbrunn. Byggingarreitur er áætlaður á lóð fyrir lokahús, sem er alls 210 m<sup>2</sup> og þar er heimilt að reisa 55 m<sup>2</sup> lokahús og 16 m<sup>2</sup> hreinsibrunn. Hámarkshæð lokahúss er 3,5 m yfir aðkomuhæð. Á lóð útloftunarbrunnis verði afmarkaður 30 m<sup>2</sup> byggingarreitur þar sem heimilt verði að staðsetja 16 m<sup>2</sup> útloftunarbrunn. Útloftunarbrunnur verður staðsettur á svæði nr. 105 á náttúruminjaskrá.

### Umhverfisáhrif

Tillaga að deiliskipulagi gerir ráð fyrir að fráveitumannvirki þ.e. útloftunarbrunnur fari yfir á svæði nr. 105 á náttúruminjaskrá: strandsvæði vestan Grindavíkur. Umhverfisstofnun tekur undir að helstu áhrif ofangreindra framkvæmda eru neikvæð sjónræn áhrif á náttúruminjasvæði við sjávarströnd. Fram kemur að takmarka á áhrifin við frágang á svæðinu og með því að fella mannvirki að landslagi, s.s. að gert er ráð fyrir að hylja þak lokahúss með samskonar grjóti og einkennir fjörुकambinn. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur